

POL-Jafnlaunastefna

Tilgangur og markmið

Tilgangur þessarar stefnu er að lýsa með hvaða hætti SaltPay tryggir jafna stöðu allra, óháð kyni, sem starfa hjá félaginu. Markmiðið er að SaltPay sé eftirsóknaverður vinnustaður þar sem jafnréttis er gætt og jafnræði ríkir. Einnig að allir sem starfa hjá félaginu, óháð kyni, fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun eru ávallt ákvörðuð og rýnd á sama hátt óháð kyni og í samræmi við lög og reglur sem gilda þar um.

Umfang

Stefna þessi nær til alls starfsfólks SaltPay á Íslandi.

Stefna

Stefna SaltPay er að gæta jafnréttis og tryggja jöfn laun fyrir sömu eða sambærileg störf óháð kyni og tryggja jöfn tækifæri allra. Markmið SaltPay er að bjóða upp á fjölskylduvænt starfsumhverfi og skapa tækifæri fyrir starfsfólk til að þróast og eflast í starfi. SaltPay fylgir lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og gilda á hverjum tíma.

- SaltPay greiðir sanngjörn og samkeppnishæf laun í samræmi við kröfur til starfa og tryggir öllum, óháð kyni, sömu kjör fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.
- SaltPay tryggir að allt starfsfólk eigi jafna möguleika, óháð kyni, og njóti sömu tækifæra til starfsþjálfunar og fræðslu.
- SaltPay tryggir að allt starfsfólk, óháð kyni, hafi sömu möguleika á starfsþjálfun og til sí- og endurmenntunar.
- SaltPay leitast við að gera öllum kleift, óháð kyni, að samræma þarfir fjölskyldu og starfsskyldu.
- SaltPay leggur áherslu á að jafna hlut allra starfsmanna, óháð kyni í stjórnunar- og áhrifastöðum innan félagsins.

Leiðir

- SaltPay hefur skilgreint verklag við launaákvörðanir sem tryggir heildaryfirsýn launa, stöðugar umbætur á jafnlaunakerfinu með greiningum og úttektum og rýni stjórnenda til þess að koma í veg fyrir kynbundinn launamun.
- Mannauðsstjóri fer yfir laun starfsfólks árlega til að tryggja að samræmis sé gætt.
- SaltPay er vinnustaður þar sem hver einstaklingur er metinn af verðleikum eftir hæfni og frammistöðu. Þannig tryggir félagið að starfsfólk hafi jöfn tækifæri til að þess að axla ábyrgð og sinna verkefnum óháð kyni.
- SaltPay skuldbindur sig til að fá reglulega óháðan aðila til að mæla árangur af stefnu þessari samkvæmt ÍST85 staðlinum. Ef í ljós kemur óútskýrður, kynbundinn launamunur er það skráð sem frávík og gripið er til aðgerða til að tryggja stöðugar umbætur.
- Stjórnendur SaltPay eru meðvitaðir um nauðsyn þess að samræma þarfir starfsskyldu og ábyrgð gangvart fjölskyldu, m.a. með því að bjóða sveigjanlegan vinnutíma og taka tillit til starfsfólks ef upp koma tímabundnar auknar skyldur vegna fjölskylduaðstæðna.
- Mánaðarlega er framkvæmd viðhorfskönnun meðal starfsfólks og ef niðurstöður sýna óánægju með ákveðna þætti í starfsumhverfinu er brugðist við því með aðgerðum.
- Árlega er framkvæmd sérstök tölfræðigreining þar sem kynjahlutföll eru skoðuð til að tryggja eftirfylgni við jafnréttisáætlun.

Jafnlaunastefna þessi er aðgengileg starfsmönnum, hagsmunaðilum og almenningi á heimasíðu félagsins.